

# Oft á hæstu tindu Alpanna

- Jökull Bergmann með eigin útgerð í Ölpunum og í samstarfi við fyrirtæki í Sviss og Frakklandi
- Fór með Íslendinga á Matterhorn og Mont Blanc ● Átta klukkutíma upp og niður Matterhorn



Eftir Ágúst Inga Jónsson  
ajj@mbl.is

**M**eðan margir hafa notað blíðuna í borginni til að rápa um Laugavegin hafa aðrir lagt land undir fót og gengið Laugavegin. Fyrir Jökull Bergmann, fjallaleiðsögumann, eru bæði þessi verkefni of auðveld og hversdagleg. Hann eyddi sumrinu í Ölpunum þar sem hann kleif hvern fjallstindinn af öðrum og alls fór hann á meira en 10 fjögur þúsund metra háa tindu á einum mánuði. Jökull hefur leyfi til að starfa sem fjallaleiðsögumaður í Ölpunum, einn Íslendinga, og nýttu nokkrir Íslendingar sér þekkingu Jökuls og slógust í för með honum á tindana háu. Hásumarið er aðalvertíðin í fjallaklifri í Mið-Evrópu og krökkt af fólki í hlíðunum. Margir gista í fjallaskálum sem gjarnan eru í meira en þrjú þúsund metra hæð. Jökull hefur haft nóg að gera, bæði á eigin vegum og í starfi fyrir fyrirtæki í Ölpunum.

## Átta tíma upp og niður Matterhorn

„Ég geri nokkuð af því að fara með Íslendinga á tindana,“ segir Jökull. „Ég fór tvær ferðir á Mont Blanc með Íslendinga, en fjallið er það hæsta í Evrópu, 4.807 metra hátt. Svo fór ég eina ferð á Matterhorn og með mér í þeirri ferð var Halldór Hafsteinsson.“

Klifrið upp og niður þetta frægasta og mest myndaða fjall heims tók um átta klukkustundir. Leiðin sem fyrir valinu varð kallast Hörnli-hryggurinn og er um 1.200 metrar af hörku klifri í misgóðu bergi og síðasta spölinn á toppinn í snjó og ís. Klifrið gekk mjög vel og náðum við toppnum um klukkan átta að morgni. Við félagarnir fórum reyndar á fjóra tindu sem eru yfir fjögur þúsund metra háir á fimm dögum,“ segir Jökull.

Misjafnt er eftir fjöllum hversu margir mega vera í för með leiðsögumanninum; aðeins einn á Matterhorn, tveir á Mont Blanc og síðan fleiri eftir því sem fjöllin eru lægri og talin auðveldari yfirferðar. Auk eigin útgerðar í Ölpunum með íslenska klifrara og viðskiptavini frá Sviss og



Ljósmynd/Bergmenn

Tveir á toppnum Halldór Hafsteinsson og Jökull Bergmann, til hægri, á toppi Matterhorn fyrsta dag mánaðarins.



Frakklandi, sem hafa ferðast með Jökli í Asíu og Norður- og Suður-Ameríku, starfar hann þar fyrir svissnesk og frönsk fyrirtæki.

## Gengið á skriðjökla í Öræfnum

Jökull slær ekki slöku við. Hann kom heim úr Ölpunum á sunnudaginn, en er á leið austur í Öræfasveit þar sem hann stofnaði ásamt fleirum fyrirtækið Glacier Guides í vor. Fyrirtækið skipuleggur gönguferðir á mambroddum á skriðjökla Falljökul og Fjallsjökul. Nóg hefur verið að gera og suma daga hafa hátt í 100 manns gengið þessa leið. Um tíu manns vinna hjá fyrirtækinu, en göngufólkið er flest erlent þó svo að Íslendingar hafa einnig sést í þessum ferðum.

„Þetta er spennandi verkefni og fer vel af stað,“ segir Jökull. „Þessar skriðjökla göngur eru ætlaðar venju-

legu fólki og við vinnum þetta í nánu samstarfi við heimamenn. Gjarnan er boðið upp á nokkra kosti í ferðunum, eins og þessar göngur, ferðir á heivagni út í Ingólfshöfða með þeim í Hofsnesi og siglingu um Jökulsárlónið. Við viljum styrkja það sem fyrir er, en líka bjóða upp á nýja möguleika.“

Útmánuði og vorin notar Jökull heima á Klængshóli í Skíðadal og skipuleggur fjallaskíðamennsku á Tröllaskaga. Síðasta skíðavertíð gekk vel og notast var við þyrllu í tíu daga. Hann segir að stöðug aukning sé í fjallaskíðamenskunni og þar hafi gengi krónunnar hjálpað til á liðnu vori, en flestir skíðamennirnir eru útlendingar.

## TENGLAR

www.bergmenn.com  
www.glaciertourguides.is

## Fékk laust bjarg í fangið og fór með því niður fjallið

Fjallstindarnir í Ölpunum taka sinn toll og á hverju ári verða þar alvarleg slys. Til dæmis er talið að á ári hverju tyni um tólf manns lífinu í glímunni við Matterhorn, sem er 4.478 metra hátt. Klifur Íslendinganna á toppinn í byrjun þessa mánaðar gekk eins og í sögu, tviðmenningarnir sem voru næstir á eftir þeim lentu hins vegar í hörmulegu slysi með þeim afleiðingum að annar þeirra beid bana og hinn slasaðist alvarlega.

„Þessir menn voru um 200 metrum á eftir okkur, tveir Austurríkismenn saman og ekki bundnir saman með línu,“ segir Jökull Bergmann. Annar manna greip um stórt laust bjarg og það skipti engum togum. Hann fékk bjargið í fangið og fór með því niður fjallið. Sá sem var fyrir neðan varð fyrir grjóthruni sem fór af stað við þetta, og slasaðist mjög alvarlega. Sem betur fer hrapaði hann ekki mjög langt og stöðvaðist á syllu. Við heyrðum skruðninga þegar grjóthrunið fór af stað og þegar við litum við sáum við mikið af grjóti hrynja úr leiðinni.

Við heyrðum ekki í mönnum sjálfum meðan þessi ósköp dundu yfir. Fjótlega kom fólk að og sá hvers eðlis var og gerði víðeigandi ráðstafanir. Í sjálfu sér var enginn tilgangur fyrir okkur að snúa við. Við gátum ekkert gert auk þess sem við gerðum okkur ekki grein fyrir því strax að þarna hafði orðið alvarlegt slys. Þetta var hins vegar hrikaleg upplifun,“ segir Jökull.

Hann segir að yfir hásumarið þegar vel viðrar reyni allt að 100 manns við tind Matterhorn. Um 50 þeirra komist alla leið. Hann segir að menn séu ekki eins öruggir ef þeir eru ekki bundnir saman með línu og einnig sé mikilvægt að fara á tindinn með reyndum fjallaleiðsögumanni. Slíkt hafi ekki verið raunin hjá Austurríkismönnum, sem hafi auk þess verið á eigin vegum.

# Skrúður, fyrirmynd allra skrúðgarða

## Fjölmenni viðstatt aldarafræmli skrúðgarðsins Skruðs í Dýrafirði

HALDIÐ var upp á 100 ára afmæli skrúðgarðsins Skruðs í Dýrafirði um helgina. Talið er að vel á fjórða hundrað manns hafi tekið þátt í hátíðahöldunum, en tímamótanna var minnst með ýmsum hætti. Sama dag var hátíðarmessa í Núpskirkju, sem fagnar í ár 70 ára afmæli sínu. Ávörp voru flutt, tónlist og leikþættir, og gestum var boðið upp á fiskisúpu að athöfn lokinni. Kvenfélagskonur frá Þingeyri sáu um ilmandi vöflukaffi.

Skrúður var í upphafi ætlaður til kennslu fyrir nemendur Unglingaskólans á Núpi, síðar Héraðsskólans, en stofnandinn, séra Sigtryggur Guðlaugsson, var mjög áhugasamur um íslenskrar jurtir og garðrækt. Hafði hann lengi haft þann draum að koma upp matjurta- og skrúðgarði og stofndagur garðsins, 7. ágúst árið 1909, þykir ekki tilviljun, en þá voru 150 ár liðin frá því að fyrsta kartafan var sett niður í Sauðlauksdal á Vestfjörðum. Talið er með nokkurri vissu að fyrirmynd orðsins skrúð-



Stofnandinn Elfar Logi Hannesson leikari brá sér í hlutverk stofnanda skrúðgarðsins, séra Sigtryggs Guðlaugssonar, prófests á Núpi í Dýrafirði, sem lést fyrir réttum fimmtíu árum.

garður í íslensku máli sé einmitt Skruður í Dýrafirði. Garðurinn er vinsell áningarstaður ferðamanna sem leið eiga um Dýrafjörð og meðal táknmynda eru hvalbeinakjálkarnir yfir

einu hliðinu. Til stendur að gera þá upp í haust og setja aðra yngri í staðinn, en beinin eru úr steypireyði sem fonguð var við Ísland um aldamótin 1900. [bjb@mbl.is](mailto:bjb@mbl.is)



Morgunblaðið/Halldór Sveinbjörnsson

Ávarp Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra flutti ávarp undir hvalskjálkunum.